

---

# SKÓLARÁÐSFUNDUR 21. MAÍ 2015

Mætt voru Ásta Bjarney, Rósamunda, Guðlaug, Erla, Sigrún, Bára (í forföllum Álfheiðar), og Jóhanna.

Fundur hófst á því að farið var yfir mannráðningar fyrir næsta skólaár. Matthildur M. Björgvinsdóttir var ráðin fyrir verðandi 1. bekk og verið er að athuga með annan kennara í fyrsta bekkinn og kæmi hann þá í stað stuðningsfulltrúa.

Líklega verður því staðan þannig í verðandi bekkjum haust 2015:

- 1. L 26 nemendur þegar skráðir Tveir kennarar
- 2. K Tveir kennarar, Margrét og Huldís
- 3. A Einn kennari, Aðalheiður og stuðningur
- 4. B Líklegt að verði tveir kennarar
- 5. I og 6. F verið að skoða leiðir með þessa hópa.  
Tímamagn sem skólinn fær dugar ekki fyrir fjórum kennurum en hugsanlega þremur og því þarf að skoða útfærslu miðað við þá stöðu.
- 7. G Tveir kennarar, Áslaug og Jóhanna Þorkelsd.

Fullmannað er á miðstigi, Álfheiður, Jóhanna Jóhannsd., Þórdís Pálsdóttir, Jóhanna Þorkelsdóttir og Áslaug. Pjetur og Kristbjörn sem hafa verið lausráðnir í vetur fá því ekki áframhaldandi starf hjá okkur. Guðrún Tryggvad. (Rúna) stuðningsfulltrúi fær leyfi frá störfum í eitt ár.

Tímasetningar á töflu voru skoðaðar en tekin var sú ákvörðun að seinka skólabyrjun um 10 mínútur og hefja skólastarf 8:20. Er það í samræmi við umræðu annarra skóla í hverfinu. Skólinn yrði opnaður 7:50 og gæsla fyrir yngri nemendur fram að kennslustund.

Á fundinum var farið yfir tímasetningar og mögulegar útgáfur á tímasetti kringum næði stundir nemenda og matartíma. Skoða þarf nánar á miðstigi hvort að kenna eigi fjóra samfelda tíma um miðbik dagsins og hafa hringekjur og íþróttir á þeim tímum og uppbrot í kennslustundum eða brjóta það upp með 10 mín. frímínútum.

Húsaskóli er stoltur að hafa fengið styrk frá Sprotasjóði 1.000.000 og heitir þróunarverkefnið okkar *Læs náum við árangri*. Út úr þessu verkefni viljum við fá virka skólanámsskrá fyrir hverfið skv. nýrri Aðalnámsskrá.

Búið er að skila inn skýrslu varðandi Grænfánann og verður hún birt á heimasíðu skólans. Skólinn verður tekinn út og ef vel gengur verður Grænfáninn dreginn upp á vorhátíð skólans.

Ásta fór yfir viðhorfskönnun starfsmanna Húsaskóla sem kom í heildina mjög vel út. Þessi könnun er tekin annað hvert ár. Hún fór yfir þá 5 þætti sem komu best út og lakast en þeir þættir hafa verið að lagast hjá okkur og þrír af þeim fimm hækkuðu mest á milli kannana.

Svarti punkturinn í skýrslunni er að áreitnin og einelti á meðal starfsmanna mælist hjá okkur og þarf að skoða það sérstaklega.

### Önnur mál:

Breytingar í haust í skólaráði er að það kemur nýr nemandi inn fyrir Erlu og foreldri fyrir Rósu. Aðrir eru á sínu fyrsta ári.

Spurt var um stöðu mataráskriftar. Hún er óbreytt frá því síðast en það verður skoðað nánar þegar mati á skólastarfi verður tekið saman.

Spurt var hvort að Korpúlfar verði áfram næsta vetur en skólinn hefur mikinn áhuga á því samstarfi. Guðlaug hafði heyrt í Birnu forstöðumanni Korpúlfa og var hún til í meira samstarf og talaði um samtímasögu og tölvukennslu. Einnig er hugmynd um félagsvist.

Skólalóðin er á kortinu. Ásta bíður eftir símtali frá arkitekt en nota á þennan pening til að lagfæra það sem mest er aðkallandi en gera það varanlega og í samræmi við heildarplan skólalóðar.

Peningur er kominn inn til að skoða miðrymið út frá hljóði og kulda og verða þær framkvæmdir í sumar.

Húsaskóli er búinn að svara fyrirspurn frá Skóla- og frístundaráði varðandi gjafir og heimsóknir frá fyrirtækjum. Húsaskóli vill meta það sjálfur hvort að gjafir eru þegnar eða ekki í hverju tilviki fyrir sig.

Tilraunaverkefni mötuneytanna er að ganga vel. Það skilar betri afkomu og hefur breiðst út í önnur hverfi borgarinnar. Matráður er sáttur og hefur verið leiðandi í þeirri vinnu.

Spurt var um reynslu nemenda á fundum með nemendaráði og hvort halda eigi því áfram og taldi Erla það gefa góða raun.

Hvað verður gert með niðurstöður af SAMFOK fundi um lýðræði nemenda. Einnig hvort að bekkjarfulltrúar komi í heimsókn og ræði við nemendur þannig að kennarar séu ekki alltaf milliliðir.

Hver er staðan á verkefninu Heilsueflandi skóli? Þar er komin nefnd og búið að skoða gátlista. Verkefnið er komið á fleygiferð.

Hvernig hefur nálægð við sérfræðinga Brúarhúss nýst okkur? Mjög mikil ánægja. Nemendur hafa verið í Art en þekking þeirra nýst okkur meira en við bjuggust við. Brúarhúss hefur verið með okkur í lausnarteymi vegna nemanda og komið inn í bekkjarhópa sem ráðgefendur. Kennarar hér hafa einnig ráðlagt þeim varðandi námsefni og annað. Mikil ánægja með nálægðina.

Fundarritari: Bára Birgisdóttir